

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Reykjahlíðar, Skútustaðahreppi.

I. KAFLI

1. gr.

Hitaveita Reykjahlíðar selur afnot hitaorku úr hitaveitukerfum þeim, sem gerð hafa verið eða verða gerð í Reykjahlíð og Vogum eftir þeim reglum sem settar eru í gjaldskrá þessari sbr. og reglugerð Hitaveitu Reykjahlíðar staðfesta 4. nóvember 1971.

2. gr.

Hitaveita Reykjahlíðar lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar, í té vatnsmagn er ætla má að nægi til hitunar á húsinu, enda séu ofnar hússins nægilega stórir að dómi hitaveitustjóra.

Hitaveitan lætur setja stillanlegan hemil fyrir hámarksrennsli til hvers upphitunarkerfis og miðast gjald hitaveitunnar fyrir selda orku við það hámark, sem hemillinn er stilltur á.

Hitaveitan lætur húseigendum í té aukahemil ef þess er óskað.

3. gr.

Einungis starfsmenn hitaveitunnar mega breyta stillingu vatnshemils þess, er um getur í 2. gr. Hitaveitan breytir stillingu hemils eftir óskum húseiganda fyrsta árið, sem hús hans er tengt við hitaveitukerfið, en síðan verður hemilsstillingu að jafnaði einungis breytt einu sinni á ári og skal beiðni um breytingu komið á framfæri við hitaveituna fyrir 1. janúar ár hvert.

Hámarksstilling hemils gildir fyrir allt árið, þótt orkunotkun verði minni hluta úr ári.

4. gr.

Þangað til varanleg lausn hefur fundist varðandi útfellingu steinefna í vatni hitaveitunnar, gildir sú bráðabirgðaráðstöfun, að gjöld fyrir afnot heita vatnsins miðast við rúmmál húsa.

II. KAFLI

5. gr.

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:

- a) Fastagjald á ári fyrir hvert hús kr. 4 950.
- b) Vatnsgjald á ári pr. m³ kr. 21,40. Þó skal reikna hálf gjald af bifreiða- og vélageymslum og óupphituðu rými í íbúðarhúsum.

Á gjöld þessi leggst söluskattur samkvæmt gildandi reglum á hverjum tíma.

6. gr.

Hitaveitugjöld skv. 5.gr. verða krafín annan hvern mánuð og skulu þau greiðast til innheimtumanns eða í Samvinnubankanum á Húsavík. Gjaldþagi er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Það eru vanskil, ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 7 daga frá gjaldþaga. Heimilt er að reikna dráttarvexti á gjaldfallnar vanskilaskuldir, eins og þeir eru ákveðnir hjá innlánsstofnunum sbr. 13. gr. laga nr. 10/1961 og ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma.

III. KAFLI

7. gr.

Heimæðargjald Hitaveitu Reykjahlíðar skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð:

Hús allt að 400 m³ kr. 33 700,00.

Hús 400—2 000 m³ kr. 33 700,00 fyrir 400 m³ og kr. 29,10 á hvern rúmmetra þar yfir.

Hús stærri en 2 000 m³ kr. 80 300,00 fyrir 2 000 m³ og kr. 23,30 á hvern rúmmetra þar yfir.

Öll gjöld í gjaldskrá þessari miðast við utanmál húsa.

Stofngjald fyrir hvern aðrennslisheimil umfram einn á sama inntaki er kr. 4 470,00.

8. gr.

Gjöld skv. 5. og 7. gr. eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar.

Er hitaveitunefnd heimilt að breyta þeim í samræmi við þær breytingar sem á nefndri vísitölu verða, og að fenginni heimild iðnaðarráðuneytisins.

IV. KAFLI

9. gr.

Nú eru leyfð afnot hitaveitunnar til annars en húshitunar, svo sem heypurrkunar eða ræktunar og er þá hitaveitunefnd heimilt að ákveða gjald fyrir þau afnot sérstaklega í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

10. gr.

Öll gjöld samkv. gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

11. gr.

Hitaveita Reykjahlíðar hefur rétt til að loka aðrennslis heita vatnsins að húsi eða íbúð notanda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með 3 daga fyrirvara.

Allan kostnað við lokun aðrennslis heita vatnsins og opnu á ný greiðir sá, sem í van-skilum er, auk kr. 333,00 í hvert skipti.

12. gr.

Eftirlitsmanni Hitaveitu Reykjahlíðar skal hvenær sem er frjáls aðgangur að öllum hitakerfum, sem tengd eru við hitaveituna. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrirmælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkv. orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að taka gildi 1. febrúar 1984 og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá sama efnis, nr. 671 5. september 1983.

Iðnaðarráðuneytið, 25. janúar 1983.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.